

# Úr rannsóknarferð.

III.

## I.

Lesendur gæta ekki altaf nógu vel að því, að ef ritað er af skilningi á sambandi hlutanna sem lengra nær en þeirra, þá getur þeim einmitt þess vegna fundist sundur-laust.

Alveg er það rétt sem stendur í Morgunblaðinu í gær, að eg fór nýlega í rannsóknarferð upp á Akranes. Ætlaði eg að líta svolitíð á Akrafjall og fleira, sem segir nokkuð af í ferðasögu annari, sem kemur ef til vill síðar. Er það skjótast af ferðalaginu að segja, að ekki komst eg upp á fjallið. En það var nú raunar af því, að eg ætlaði mér það ekki í það skifti. Fór eg út með fjallinu unz eg hafði glöggvað mig nokkuð á hömrum og skriðum, þar sem mér hafði, úr fjarska að sjá, þótt líklegast til fróðleiks. —

## II.

Seint um kvöldið kom eg út á Skagann aftur, og gekk þar inn á stjórnmalafund. Þótti mér þar dálítið líkt og að koma í kirkju. Trúin fanst mér þar aðalatriðið. Dr. Jón Þorkelsson sá eg þar, og sat hann, en ráðherrarnir stóðu til skiftis, og töldu trú fyrir lýðnum, sína trúna hvor.

Út gekk eg þaðan aftur, og óskaði þess með sjálfum mér, einsog oftast, að þegar þeir sem mikils eru metnir, telja trú fyrir lýðnum, þá væri það hin rétta trú. Og oft hefi eg verið að velta því fyrir mér, hvort ekki mundi eitthvað af henni vera einhvernveginn á þessa leið: Íslendingar verða að reyna að vera samtaka um það, að sýna Dönum fram á, hversu heiður Danmerkur í sambandsmálinu liggur þar við, að Íslendingum komi úr því góða og auðuga sambandslandi sú hjálp, sem þeir þurfa með til þess að gera þetta sitt erfiða land byggilegt. Ræðir hér ekki um aðra hjálp en þá, sem telja yrði réttmætar bætur fyrir það sem liðið er, og þó mundi vel laun- uð síðar.

## IV.

Mjög víða hefi eg farið um þetta land, virt fyrir mér með eftirtekt fjölda af Íslendingum, og hugsað talsvert bæði um fortíð þessarar þjóðar og framtíð. Og niðurstaðan er sú, að mér virðist landið tæpast mega byggilegt heita, þegar miðað er við það, sem verið gæti. Dylst mér þó enganveginn, að mikill er munur orðinn frá því er fólkið hér, niðjar hinna römmu og hinna hávu, hrundi niður, þúsundum saman, úr hungri, og oft mun ekki þriðjungur þeirra, sem fæddust á landi hér, hafa náð fullorðinsaldri. Munu slíks ekki vera dæmi um önnur lönd í Evrópu. Og verður þessa að minnast, þó að ekki sé það skemtilegt, ef menn vilja

11 júlí 1915

MORGUNBLAÐIÐ

geta gert sér einhverja hugmynd um það, hvað orðið gæti úr þessari þjóð, ef rétt stefna væri tekin, mannræktarstefnan.

### V.

Um það ættu menn að geta orðið sammála, að rannsaka skuli, eins vel og unt er, hvort ekki er einsög ýmsir hafa haldið, að Danir eigi mjög mikla sök á mestu eynd og niðurlægingu þessarar þjóðar.

Í Danmörku er mönnum altof ókunnugt um þessi efni, og menn virðast þar sjaldan eða aldrei muna eftir því, að danskir kaupmenn hafa á íslenzkri fátækt grætt fé líklega svo hundruðum miljóna skiftir, að öllu samtöldu. Ef slíkt væri munað, þá væri ekki verið að telja eftir, eins oft og gert er, það fé sem íslenzkir námsmenn og vísindamenn hafa fengið úr dönskum sjóðum; því að það er lítilræði eitt hjá því fé, sem farið hefir frá Íslandi til Danmerkur. Segi eg þetta af því að það er sannleikur sem segja þarf, en náttúrlega ekki af því að eg kunnir ekki fyrir mitt leyti, þökk fyrir það fé sem eg fékk úr Carlsbergssjóði í nokkur ár.

### VI.

Það sem vísindamanni hlýtur oft að koma í hug er hann lítur í ritgerðir um sambandsmálið eða heyrir um það rætt, er þetta að það mál sé enganveginn nægilega rannsakað ennþá, og hin mesta nauðsyn á ráðstöfunum til þess að eyða í því máli vanþekkingu og misskilningi. Og sennilegt virðist, að mikið gott gæti af því leitt, ef skipaðar væru í því

máli nefndir tvær, dönsk nefnd önnur og hin íslenzk, er nægan tíma hefðu til starfa. Danska nefndin ætti að hafa fyrir rannsóknarefni: hvað gott hafa Danir hlotið af sambandinu við Íslendinga — það er miklu meira en flestum hefir í hug komið — og hvað ilt. Og ennfremur: á hvern hátt getur sambandið við Íslendinga helzt orðið Dönum til góðs, og hvaða hættur geta af því staðið.

Eins á íslenzka nefndin af sínu leyti að rannsaka hvað gott þessi þjóð — sem hefir varðveitt það sem Norðurlandabúum riður svo afarmikið á að ekki glatist — hefir hlotið af sambandinu við Dani, og hvað ilt. Og á hvern hátt sambandið geti orðið til góðs og hvernig til ills.

Samnefnd ætti síðan að vera, er nefndirnar hefðu starfað hvor í sínu lagi, sem þurfa þætti.

Það virðist því fremur geta verið von um góðan árangur af starfi slíkrar nefndar, er nú var stungið uppá sem konungurinn, Kristján X. er talinn vera mjög velviljaður Íslendingum, einsog faðir hans og afi.

### VII.

Varla trúir eg öðru en því að mörgum Íslendingi mundi hefja brún, ef einhver ótvíraður vottur kæmi fram í Danmörku þess, að nú skyldi tekin í sambandsmálinu alveg *þveröfug* stefna við þá sem ríkti í því máli á 17. öld og síðar. En það hefir ekki gert verið ennþá, þrátt fyrir ýmsar lofs- og þakkarverðar lagabætur.